



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á  
Norðurlandi eystra  
Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri  
Hafnarstræti 91 2. hæð  
600 Akureyri

Reykjavík 29. janúar 2021  
Tilv.: MMR20120163/2.2.5.2-

Efni: Ósk um tilnefningu í skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri 2021-2025

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Skipunartíma núverandi skólanefndar við Verkmenntaskólann á Akureyri lýkur 28. apríl 2021. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri. Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 18. febrúar næstkomandi.

Vinsamlegast látið fylgja heimilisfang og kennitölu tilnefndra aðila.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir karlar og tvær konur. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess. Er þetta gert með skírskotun til ákvæðis 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga

Fyrir hönd ráðherra

  
Iva Sigrún Björnsdóttir

  
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson